



Alþingi
Erindi nr. P 140/2487
komudagur 15.5.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. maí 2012

1112018SA
Málalykill: 40

**Efni: Frv. til laga um breyt. á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk
- 692. mál 140 lþ.**

Ofangreint þingmál var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 9. maí sl.

Drög frumvarpsins voru unnin af nefnd sem í sátu m.a. fulltrúar frá sambandinu og Reykjavíkurborg. Sambandið hefur því átt aðkomu að undirbúningi málsins og telur að skynsamleg niðurstaða hafi náðst í flóknu verkefni, þ.e. að setja lagaramma um beitingu nauðungar í vinnu með fötluðu fólk.

Eins og vikið er að í greinargerð með frv. hefur starfsfólk í málaflokki fatlaðs fólks lengi rætt um hve erfið samskiptamál hafi mikla tilhneigingu til þess að liggja í þagnargildi. Þessu valdi m.a. skortur á skýrum viðmiðum og óvissa um hvar mörkin liggja í samskiptum milli starfsfólks og notenda. Óvissan geti haft slæm áhrif á þjónustu við fatlað fólk og leitt til þess að starfsfólk beiti sér ekki sem skyldi þar sem ástæða og tilefni er til inngrips. Afleiðing geti orðið sú að atburðarás fari úr böndunum og leiði til verulegs tjóns.

Meginefni frumvarpsins varðar skilgreiningu á tilvikum þar sem inngrip er réttlætjanlegt, og þau ströngu skilyrði sem þá þurfa að vera uppfyllt.

Að mati sambandsins nær frumvarpið vel því markmiði að draga úr óvissu og veita skýra leiðsögn í þeim undantekningartilvikum sem hér um ræðir. Jafnframt skapar frumvarpið nauðsynlega umræðu um fyrirbyggjandi ráðstafanir sem draga úr eða koma í veg fyrir að tilefni skapist til inngrips. Binda má vonir við að sú þróun muni á komandi árum fækka enn tilvikum þannig að íþyngjandi ráðstafanir skv. lagarammanum heyri sögunni til.

Sambandið styður því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri